



Akranesi, 07.12.2015

Bæjarráð Akraness
b.t. Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Málefni: Norðurálsmótið á Akranesi

Vísað er til meðfylgjandi erindis sem Knattspyrnufélag ÍA sendi bæjarráði 17.10.2012 og var móttækið af Akraneskaupstað 18.10.2012, er varðar aukinn styrk vegna móttöku gesta á Norðurálsmótinu. Ekki var hægt að verða við auknum styrk á þeim tíma, en Akraneskaupstaður hefur styrkt KFÍA um óbreytta fjárhæð, 2,7 mkr, undanfarin ár.

KFÍA fór í að fjölga klósettum, salernisgámum og ruslagámum árið 2012 til að hafa á tjaldsvæðum og mótssvæði og enn var bætt í árið 2015 vegna áætlaðrar fjölgunar gesta. Með þessu höfum við náð að anna þörfinni og lítið hefur verið um umkvartanir vegna aðstöðumála gesta, nema þá helst vegna þess að ekki er rafmagn á tjaldsvæðunum, sem er óleyst verkefni. Þetta hefur haft aukinn kostnað í för með sér og er óskað eftir að Akraneskaupstaður taki að hluta til þátt í þeim kostnaði.

Ljóst er að gestir mótsins hafa gríðarlega jákvæð áhrif á þjónustuaðila á Akranesi og óhætt að segja að mótsgestir kaupi vörur og þjónustu á Akranesi fyrir tugi milljóna yfir mótshelgina.

KFÍA óskar eftir að styrkveiting/samningur verði gerður til 3ja ára, þ.e. 2016, 2017 og 2018 og fjárhæðir verði eftirfarandi:

2016 kr. 2.700.000,-

2017 kr. 2.900.000,-

2018 kr. 3.100.000,-

Með fyrirfram þökk,

Haraldur Ingólfsson
Framkvæmdastjóri KFÍA